ÞJÓÐVILJINN

Málgagn Kommúnistaflokks íslands.
Ritstjóri: Einar Olgeirsson.
Ritstjórn: Bergstaðastræti 27, sími 2270.
Afgreiðsla og auglýsingaskrifst. Laugaveg 38, sími 2184.
Kemur út alla daga, nema mánudaga.
Áskriftargjald á mánuði:
Reykjavík og nágrenni kr. 2,00
Annarsstaðar á landinu kr. 1,25
í lausasölu 10 aura eintakið.
Prentsmiðja Jóns Helgasonar, Bergstaðastræti 27, sími 4200.

Morgunblaðið og Kommúnistagrýlan.

Það er líkast því sem ritstjórar Morgunblaðsins séu sjálfir orðnir vantrúaðir á áhrif kommúnistagrýlunnar, svo máttlaust hampa þeir henni í gær. Þeir hafa heldur ekki treyst sér ennþá til að svara spurningum Þjóðviljans um afstöðu þeirra og Francos til þingræðis, lýðræðis og ofbeldis og um afstöðu spönsku kommúnistanna til hins sama.

Það hefir sýnt sig áþreifanlegast, einmitt þegar lýðræðinu reið mest á, hverjir eru vinir þess og hverjir féndur þess. Íhaldsforsprakkarnir á Íslandi og Morgunblaðsliðið getur ekki skafið það af sér að hafa tekið afstöðu með uppreisn gegn lýðræði, hafa vottað föðurlandssvikurum og landráðamönnum hollustu sína og aðdáun, en svívirt lýðræðisstjórn með öllum þeim verstu skammaryrðum, sem íslensk tunga á til. Og hin eðlilega afleiðing af þessari afstöðu Morgunblaðsliðsins með uppreisnarmönnum á Spáni, er »samfylking« íhaldsins hér við nasistana, keypta þræla erlendra harðstjóra, menningarsnauða féndur íslensks þjóðfrelsis.

Íhaldsforingjarnir ganga því til þessara kosninga sem fjandmenn lýðræðis og frelsis og í opinberu bandalagi við yfirlýsta fjandmenn alls lýðræðis og fylgjendur hinnar verstu harðstjórnar.

Hvað væri annað eðlilegra, en að Framsókn og Alþýðuflokkurinn tækju upp samvinnu við Kommúnistaflokkinn, þegar slík hætta, sem þessi vofir yfir frelsi Íslendinga? Reynslan frá Spáni hefir sýnt sósialistum og frjálslyndum borgaraflokkum þar, *að kommúnistar reyndust allra flokka hollastir lýðræðinu, þegar á hólminn kom. Yfir 120,000 kommúnistar berjast nú í liði stjórnarinnar á Spáni.* Dirfist Morgunblaðið að halda því fram, að slíkir menn, sem hætta lífi sínu fyrir lýðræðið, sitji á svikráðum við það, — en að Franco og morðingjasveit hans, sem rekur rýtinginn í bak þeirrar þjóðar, sem þeir hafa svarið hollustueið, séu hinir öruggu verjendur lýðræðisins?

Það er ekki til neins fyrir Morgunblaðið að hampa kommúnistagrýlunni. Íslenska þjóðin þekkir nú orðið afstöðu íslenska Kommúnistaflokksins. Allur heimurinn veit nú um afstöðu Spánska Kommúnistaflokksins.

En íslenska þjóðin mun hinsvegar í þessum kosningum opna augun fyrir lýðræðisfjandskap Íhaldsforsprakkanna og dæma þá eftir því.

Matar- og mjólkurgjafir

Saga málsins rakin.

Viðtal við Sigurð Thorlacius, skólastjóra Austurbæjarskólans

Eins og skýrt kemur fram í frásögn skólastjórans, hefir íhaldið frá því fyrsta barist gegn málinu. Var málið knúið fram gegn vilja Sjálfstæðisflokksins, og var það tilviljun ein, að það náði samþykki bæjarstjórnar.

Þar sem mjólkur- og matargjafir í Barnaskólunum hafa verið eitt helsta umræðuefni bæjarbúa undanfarnar vikur, hefir Þjóðviljinn snúið sér til skólastjóra Austurbæjarskólans, Sigurðar Thorlacius, og spurt hann um sögu þessara mála.

Hvenær hófst þessi starfsemi fyrst í skólunum? spyr tíðindamaður blaðsins.

Matgjafir byrjuðu veturinn 1910. Frú Laufey Vilhjálmsdóttir mun fyrst hafa vakið máls á nauðsyn þeirra, en frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir barðist fyrir málinu í bæjarstjórn og fékk samþykta 700 kr. fjárveitingu. Fyrsta veturinn voru rúmlega 100 börn, sem fengu eina máltíð á dag. Síðan hefir börnunum farið fjölgandi eftir því sem fólkinu hefir fjölgað í bænum, og munu nú 6—7 hundruð börn njóta máltíðanna alls í bænum.

En hvað er að segja um mjólkina?

Mér er ekki kunnugt um, að rætt hafi verið um almenna mjólkurneyslu í barnaskólum bæjarins fyrr en ég bar málið fram, fyrst meðal kennara Austurbæjarskólans, og þvínæst í skólanefnd. Það var haustið 1931. Það fékst ekkert gert fyrir málið þá, og samdi ég þá á eigin ábyrgð við Mjólkurfélag Reykjavíkur um sölu á mjólk í Austurbæjarskólann. Foreldrar tóku þegar mjög vel í málið, og keyptu mjólk handa rúml. 800 börnum. Nokkur börn fengu þá þegar ókeypis mjólk með aðstoð góðra manna, sem urðu hrifnir af hugmyndinni og sendu skólanum peninga til mjólkurkaupa. Fyrstur þeirra var Jón Benediktsson læknir. Við umræður um fjárhagsáætlun bæjarins fyrir 1932 bar ég fram á fundum skólanefndar 24. og 26. nóv. 1931, tillögu um 5000 kr. framlag til mjólkurgjafa handa fátækum börnum í Austurbæjarskólanum. Tillagan var bókuð, en aldrei borin undir atkvæði. Næsta haust báru Framsóknarmenn og Jafnaðarmenn upp tillögu um 9000 kr. framlag til mjólkurgjafa í barnaskólum bæjarins. Tilraunin í Austurbæjarskólanum var nú orðin svo vinsæl, að erfitt var að standa á móti málinu, og tillaga þeirra var samþykt með 8 atkv. gegn 7. Hjalti Jónsson fylgdi tillögunni einn Sjálfstæðismanna. Hinir Sjálfstæðismennirnir urðu svo undrandi, er þeir sáu 8 hendur á lofti að þeir létu greiða tvisvar atkvæði um málið. Nú var tekin upp mjólkurneysla og mjólkurgjafir í báðum skólunum, og þessi nýbreytni naut þegar í stað svo mikilla vinsælda, að ekki varð hugsað til þess að leggja fjárveitinguna niður, heldur hefir hún farið hækkandi síðan.

Þá er eftir að minnast á lýsisgjafirnar. Hvað hafið þér að segja um þær?

Lýsisgjafir hófust í ársbyrjun 1935. Börnin taka lýsið á undan mjólkinni, og fá það öll ókeypis sem vilja. Nú munu allir sammála um, að matar-, mjólkur- og lýsisgjafir séu eitt merkasta heilbrigðis- og mannúðarmál.

En hvað segið þér um síðasta tiltæki íhaldsins að ætla að svifta fátækustu börnin mjólkinni og matnum?

Það fyrsta og helsta sem mér er kunnugt um í þessu máli, er það, að við skólastjórarnir fengum tilkynningu frá skrifstofu borgarstjóra daginn áður en skólarnir byrjuðu eftir páskafríið að hætta skyldi þá þegar mjólkur- og matargjöfum. Skólastjórar og skólanefndir fóru þá strax á fund borgarstjóra og ræddu við hann um málið. Tók hann strax vel í það að láta mjólkurgjafir halda áfram, og gaf fast loforð um hálfan mánuð, sem svo hefir verið framlengt til mánaðarmóta. En um matargjafirnar varð engu um þokað.

Strigaverksmiðjumálið á Eskifirði

Það þarf að skapa verst stæða kaupstað landsins lífsmöguleika

Þingsályktunartillaga Jónasar Guðmundssonar um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju á Eskifirði, vakti, sem eðlilegt var, von í brjósti margra Eskfirðinga.

Loksins eftir svo langa og þrotlausa baráttu var þó málið komið þetta langt.

Að strigaverksmiðja komi á Eskifjörð séð frá heilbrigðu sjónarmiði, er hin mesta nauðsyn; ekki aðeins fyrir staðinn sjálfan heldur einnig fyrir ríkissjóð, því eins og kunnugt er hafa Eskfirðingar verið það illa stæðir undanfarin ár, að ríkið hefir orðið að veita þeim töluverða hjálp sem það þó losnaði gjörsamlega við ef málið næði fram að ganga.

Fyrir Eskifjörð er þetta líka sérstaklega þýðingarmikið. — Strigaverksmiðjan þarf fjölda manns árið um kring, en atvinnuleysi og fátækt er líklega meiri á Eskifirði en nokkrum öðrum stað á landinu. Þess utan á verksmiðjan að gefa af sér, samkv. áætlun góðan arð.

Eskfirðingar mega þess vegna ekki gleyma því að láta Alþingi vita að þeir séu vel vakandi um þetta hagsmunamál sitt. Þeir þurfa að hamra stöðugt á því, þar til það nær fram að ganga.

Því oft er þörf en nú er nauðsyn, Eskfirðingar.

N.

Alþingi rofið

FRAMHALD AF 1. SÍÐU.

og mál liggja nú fyrir, og að þeir vilja heldur ekki veita stjórn, skipaðri af andstöðuflokkum stjórnarinnar, stuðning eða hlutleysi, þannig að það er með núverandi skipun Alþingis ekki unt að mynda aðra meirihlutastjórn. Þar sem ennfremur alllangt er liðið á kjörtímabilið og aðstaðan, einkum í atvinnulífi þjóðarinnar, þegar orðin mjög breytt frá því er alþingiskosningar fóru síðast fram, þá þykir, að öllu þessu athuguðu, stjórnskipulega rétt að skjóta málefnum þeim, er ber á milli þingflokkanna, undir dómstól þjóðarinnar og efna til nýrra kosninga svo fljótt sem verða má.

Samkvæmt þessu hefi ég af hálfu ráðuneytisins með símskeyti í gær lagt til við konung að Alþingi það er nú situr, verði rofið — og að almennar kosningar að nýju fari fram 20. næstkomandi júnímánaðar«.

Las forsætisráðherra þarnæst upp boðskap konungs um að þing væri rofið og kosningar ákveðnar 20. júní og sagði síðan:

»Samkvæmt þessu lýsi ég því yfir, að þetta Alþingi Íslendinga, sem háð er eitt þúsund og sjö árum eftir að hið fyrsta Alþingi var háð á Þingvöllum er rofið«.

Rógur íhaldsblaðanna um húsgagnasveinana er gripinn úr lausu lofti.

Á sunnudaginn var haldinn fundur í sveinafélögum húsgagnaiðnaðarmanna, sem nú standa í verkfalli við atvinnurekendur.

Á fundinum gerðist það markverðast, að sveinarnir töldu sig ekki lengur geta hvatt nemana til þess að halda áfram samúðarverkfalli sínu. Þar sem meistarar höfðu hótað ógildingu námssamninganna, ef nemarnir yrði ekki komnir á verkstæðin fyrir vissan tíma. Þar sem búast má við því að verkfallið kunni að verða mjög langt, töldu sveinarnir óheppilegt að herða að nemendunum með verkfallið.

Að nemarnir taki upp vinnu aftur bætir hinsvegar töluvert afstöðu smærri atvinnurekenda, en mjög lítið þeirra stærri og undir þeirra afstöðu er fyrst og fremst komið, hvernig og hvenær lausn fæst í verkfallinu.

Allar frásögur íhaldsblaðanna um það, að sveinarnir séu að gefast upp í verkfallinu eru hinsvegar gripnar úr lausu lofti. Sveinarnir búast við því, að deilan verði löng, en þeir eru fastákveðnir að gefast ekki upp.

Yfirlýsing

Á aðalfundi íslensk-sænska félagsins »Svíþjóð«, sem haldinn var í Oddfellow-húsinu hér í bænum þ. 16. þ. m., var það upplýst af athugasemdum endurskoðenda við reikninga félagsins, að stjórn þess hafi á síðastliðnu ári varið meginhluta félagssjóðsins — þ. e. gjöldum félagsmanna, sem greidd hafa verið til félagsins undanfarið — til veisluhalda, og þar af nokkrum hluta til áfengiskaupa. Fundurinn samþykti reikningana þrátt fyrir athugasemdir endurskoðenda.

Með því nú að vitað er, að hingað til hafa nokkrir félagar úr I.O.G.T. einnig verið meðlimir í ofangreindu félagi, og fullkomlega verður að gera ráð fyrir, að þessi meðferð á sjóði félagsins hafi verið algerlega án vitundar þeirra og vilja, *skal því lýst yfir* í eitt skifti fyrir öll, að samkvæmt lögum I.O.G.T. og samþykt Alþjóða-Hástúkunnar getur *enginn* félagi Reglunnar jafnframt verið meðlimur annars félags, *ef það félag ver félagsgjöldum eða sjóði, sem er sameign félagsmanna, að einhverju leyti til áfengiskaupa eða áfengisveitinga,* og sé það gert með vilja þeirra eða samþykki, er það augljóst brot gegn skuldbindingu Góðtemplara. — Á þetta er öllum félögum Góðtemplarareglunnar bent.

Reykjavík 18. apríl 1937.

F. h. Stórstúku Íslands af IOGT.

Fr. Ásmundsson Brekkan.